

Nd.

132. Nefndarálit

[32. mál]

um frv. til laga um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin náði ekki samstöðu um að skila sameiginlegu álit. Hún er að vísu sammála um það ákvæði 1. gr. að lögfesta, að síldar- og fiskimjòlsverksmiðjum sé skylt að taka við þeirri loðnu, sem fiskiskip landa til bræðslu, í þeirri röð, sem skipin koma til löndunarhafna. Hins vegar varð nefndin ekki sammála um ákvæði 2. og 3. gr. Meiri hluti nefndarinnar hefur flutt tillögu um veigamiklar breytingar efnislega við 2. gr., og skal það viðurkennt, að breytingartillögur nefndarinnar miða í rétta átt. En undirritaður telur, að ganga hefði átt skrefi lengra og fella alveg niður ákvæði 2. og 3. gr., því að engin ástæða sé til að setja á stofn þriggja manna nefnd, sbr. 2. gr., ásamt jafnmörgum varamönnum, sem starfa yrði á vöktum allan sólahringinn ásamt skrifstofuliði sínu, meðan á loðnuveiðunum stendur, því að aðalverkefni nefndarinnar er að ákveða, hjá hvaða verksmiðju hvert skip skuli landa afla sínum, og vitað er, að skipin koma til löndunarhafna á hvaða tíma sólahrings sem er, en einskorða sig hvorki við dagvinnutíma né 40 stunda vinnuviku. Af sjálfu sér leiðir, að ef ákvæði 2. gr. verða felld niður, verður einnig að fella niður 3. gr. frv., sem að mestu fjallar um, eftir hvaða leiðum nefndin á að innheimta þóknun fyrir störf sín og skrifstofukostnað hjá fiskseljendum, þ. e. sjómönnum og útgerðarmönnum. Tel ég ákvæði 1. gr. nægilega skipulagningu á loðnulöndun á komandi vertíð og tel útgerðarmenn og skipstjóra alveg þess umkomna að afla sér upplýsinga um og ákveða, hvar þeir telja hentugast, að skip þeirra landi afla sínum í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Legg ég því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 2. gr. falli niður.
2. 3. gr. falli niður.

Alþingi, 1. des. 1972.

Guðl. Gíslason.